

## Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

### Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd  
Sendandi: Viðskiptaráðuneyti  
Dagsetning: 19. apríl 2005  
Málsnúmer: IVR04100018  
Bréfalykill: 42.010

Efni: Frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, mál nr. 591

Meðfylgjandi eru viðbrögð viðskiptaráðuneytis vegna umsagna sem borist hafa efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, mál nr. 591. Þá er að finna í minnisblaðinu svör við spurningum sem nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd beindu til ráðuneytisins á fundum 15. mars og 15. apríl sl. og ráðuneytinu gafst ekki tími til að svara á fundunum.

#### Skilgreiningar - 1. og 3. gr.

Í umsögn sinni bendir laganefnd LMFÍ á að skilgreining hugtaksins atvinnustarfsemi í 1. gr. frumvarpsins sé rúm og að þar virðist eiga að falla undir hvers kyns atvinnustarfsemi án tillits til þess hver sé tilgangur hennar. Eina skilyrðið sé að atvinnustarfsemin sé rekin gegn endurgjaldi. Leggur félagið til að afmarkað verði nánar hvenær kaup eru gerð í atvinnuskyni, að skýrt sé hvort að sú krafa sé gerð til atvinnurekanda að hann hafi vitneskju um að um neytanda sé að ræða og hvort að gerð sé krafa til eðlis samningsandlagsins. Þá gerir laganefnd LMFÍ athugasemd við skilgreiningu hugtaksins neytandi í 3. gr. frumvarpsins. Telur nefndin skilgreininguna of þrönga þar sem undir hana geti einungis fallið einstaklingar, en ekki t.d. hópur einstaklinga sem skipuleggur sameiginlega kaup á vöru og þjónustu.

Skilgreining ofangreindra hugtaka er í samræmi við þær skilgreiningar sem nú eru í samkeppnislögum. Hvað varðar skilgreiningu á atvinnustarfsemi telur ráðuneytið eðlilegt að undir hugtakið falli hvers konar atvinnustarfsemi án tillits til þess hver tilgangur hennar sé, enda beinist frumvarpið að óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og er eðlilegt að þær reglur eigi jafnt við um alla sem stunda atvinnustarfsemi, hvort sem það er í gróðaskyni eða ekki. Hugtakið neytandi er ekki skilgreint á samræmdan hátt í lögum, en þó er samræmi í því að neytandi er ávallt skilgreindur sem einstaklingur. Ráðuneytið telur ekki eðlilegt að breyta því hér og leggur því ekki til að breytingar verði gerðar á skilgreiningum ofangreindra hugtaka.

#### Auglýsingar sem beinast gegn börnum - 8. gr.

Í umsögn ASÍ er lagt til að ákvæði 8. gr. um auglýsingar sem beint er að börnum verði styrkt.

Ákvæðið er óbreytt frá 22. gr. samkeppnislaga, en ekki fór fram efnisleg endurskoðun á ákvæðum um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins. Því telur ráðuneytið ekki að rétt sé að ráðast í breytingar á ákvæðinu að svo stöddu.

#### Ákvæði 12. og 13. gr.

Í ákvæði 12. gr. er kveðið á um bann við því að nota firmanafn, verslunarmerki eða annað

slíkt í atvinnustarfsemi án réttinda. Þá er bannað samkvæmt ákvæðinu að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Í ákvæðinu er einnig lagt bann við því að aðili noti auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Í 13. gr. er að finna reglur um vernd rekstrar- og atvinnuleyndarmála.

Samkeppnisstofnun telur í umsögn sinni að ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins eigi ekki heima í lögum um óréttmæta viðskiptahætti þar sem þau varði ekki neytendavernd.

Í þessu sambandi vill ráðuneytið benda á að sambærileg ákvæði eru í norrænum lögum um markaðssetningu. Þá áréttar ráðuneytið að lög um óréttmæta viðskiptahætti varða ekki einungis neytendur heldur kveða líka á um hegðun þeirra sem stunda viðskipti og varða réttindi þeirra innbyrðis. Því telur ráðuneytið eðlilegt að umrædd ákvæði standi óbreytt í frumvarpinu.

### **Viðurlög - 22. gr.**

Í 22. gr. er kveðið á um heimild Neytendastofu til að leggja á stjórnvaldssektir.

Í umsögn sinni bendir Samkeppnisstofnun á að nauðsynlegt sé að bæta inn í d-lið 22. gr. ákvæði um að hægt sé að beita viðurlögum við brotum á reglum settum af Neytendastofu, ekki eingöngu fyrirmælum, en sambærileg heimild er nú í samkeppnislögum.

Leggur ráðuneytið til að breyting verði gerð á d-lið 22. gr. í samræmi við þetta.

### **Málskot til dómstóla.**

Í umsögn Samkeppnisstofnunar er lagt til að kveðið verði á um það í frumvarpinu líkt og gert er í samkeppnislögum að ákvarðanir Neytendastofu verði ekki bornar undir dómstóla fyrr en að fengnum úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála.

Ráðuneytið er sammála þessari ábendingu og leggur til að ákvæði sambærilegu við 55. gr. núgildandi samkeppnislaga verði bætt við frumvarpið á eftir 24. gr. þess.

### **Heiti frumvarpsins.**

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 15. mars sl. kom fram spurning um það hvort að ekki væri óeðlilegt að frumvarpið hétu frumvarp til laga um eftirlit með „óréttmætum viðskiptaháttum” og hvort að ekki mætti notast við eftirlit með viðskiptaháttum í staðinn.

Heiti frumvarpsins er í samræmi við alþjóðleg heiti og ber það nafn sem málaflokkurinn hefur borið héraðs um árábil og það gæti verið ruglandi að breyta því. Sem dæmi um erlend heiti má nefna að á ensku er talað um unfair trade practices, á dönsku um urimelig handelspraksis og á sænsku um otilbörliga affärsmetoder.

## **Breytingartillögur.**

Við 22. gr.

Á undan orðunum „fyrirmælum Neytendastofu” í d-lið komi: reglum og.

Á eftir 24. gr. komi ný grein er orðast svo:

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.